

Nefndasvið Alþingis  
Selma Hafliðadóttir  
Nefndarritari allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31.01.2008  
Tilv. 072/2007 - 1.05.02  
RMJ

### Efni: umsögn um frumvarp til áfengis laga, 63. mál, áfengisauklýsingar

Lýðheilsustöð þakkar veitt tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp. Erindið hefur verið borið undir áfengis- og vímuvarnaráð sem er eitt af sérfræðiráðum Lýðheilsustöðvar.

Samkvæmt 6.gr. laga um Lýðheilsustöð er það eitt af hlutverkum áfengis- og vímuvarnaráðs að hafa eftirlit með að ákvæðum laga og reglugerða um áfengis- og vímuvarnir sé framfylgt. Í árána rás hefur ÁVVR og nú Lýðheilsustöð vakið athygli lögregluvalda á auklýsingum sem hugsanlega brjóta í bága við 20. gr. áfengis laga. Í tveimur samantektum, sem gerðar voru árið 2005, kemur fram að umtalsverð fjölgun hefur verið á auklýsingum og umfjöllun um bjór og léttöl. Í skýrslu, sem Háskólinn á Akureyri vann, kemur m.a. fram að áfengistengdar birtingar í prentmiðlum hafa meira en þrefaldast milli ára 1996-2005.

Í nýrri og umfangsmikilli samantekt, um hvernig þessum málum er háttað innan ESB, kemur fram að öll lönd hafa einhverjar reglur varðandi bann við áfengisauklýsingum. Þar kemur einnig fram að áfengisauklýsingar hafa áhrif á jákvæðar væntingar ungs fólks til neyslu áfengis, auka um leið líkur á að ungt fólk hefji áfengisneyslu og á það magn sem neytt er. Þá kemur einnig fram að sjálfsettar siðareglur framleiðanda og auklýsenda ná ekki fram þeim markmiðum sem m.a. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin og ESA hafa sett um verndun barna og ungs fólks gagnvart markaðssetningu áfengis. Meðal þess sem þar er lagt til er reglur um áfengisauklýsingar verði samræmdar. Í rannsókn, sem gerð var í grunnskólum í Hollandi, kemur fram að 19% drengja og 8% stúlkna í aldurshópnum 11-12 ára segjast vilja prófa áfengi eftir að hafa séð áfengisauklýsingar. Þeim finnst áfengisauklýsingar fyndnar og að þeim sé beint til þeirra sem markhóps.

Ljóst er að ekki verður unað við það ástand sem skapast hefur á undanförunum árum, þar sem m.a. óáfengt öl og bjór er seldur í sams konar umbúðum sem m.a. gerir framleiðendum auðvelt að sneiða hjá banni við áfengisauklýsingum. Bent er á að þótt orðunum „létt öl“ eða „léttur öllari“ sé bætt við með smáu lettri á áfengisauklýsingar þá er ekki til nein opinber skilgreining á því hvað sé létt öl og hvað ekki. Engin trygging er því fyrir því að það sem merkt er „létt öl“ sé undir 2,25% áfengismörkunum.

Lýðheilsustöð tekur því undir þær breytingar sem lagðar eru til í umræddu frumvarpi, en telur

þó að kveða megi enn skýrar á um það hver eigi að sinna því hlutverki að meta hættuna á ruglingi. Að öðru leyti er tekið undir þær ábendingar sem fram koma í skýrslu vinnuhóps ríkislögreglustjórans. Einnig er bent á mikla umræðu í Evrópu um að setja enn frekari skorður við áfengisauglýsingum.

Virðingarfyllt



Rafn M. Jónsson  
verkefnisstjóri áfengis- og  
vímuvarna